

Nd.

823. Nefndarálit

[239. mál]

um frv. til laga um Orkubú Vestfjarða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsgr. 15. gr. orðist svo:

Þegar eftir að heimild samkvæmt 1. gr. þessara laga er notuð, skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ingólfur Jónsson,
form., frsm.
Pétur Sigurðsson.

Lárus Jónsson,
fundaskr.
Benedikt Gröndal,
með fyrirvara.
Ingvar Gíslason.

Vilborg Harðardóttir,
með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson,